



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 11. febrúar 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:10 - 20:35.

Mætt voru: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Ester Bibí Ásgeirsdóttir. Katrín Baldursdóttir, Hjalti Hrafn Hafþórsson og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Viggó sér um að þær af eldri fundargerðum sem enn teljast ósamþykktar verði samþykktar eða lagaðar ef við á og síðan settar á vefsíðu flokksins.

2. Maístjarnan, stofnun og stuðningur við félög hinna verr settu

a. Sex stig að stofnun, flokkun félaga eftir því hvar þau eru stödd

Rætt var um skjalið SSASS með leiðbeiningum við stofnun félaga sem Gunnar Smári setti inn í Facebook-hópinum og mæltist það vel fyrir. Lögð var áhersla á að skjalið verði lifandi og þróist með reynslunni.

b. Umsóknir um stuðning

Engar umsóknir hafa borist. Haldið var áfram umræðu um stofnun félags strætófarþega og talað um að taka saman hugmyndir að félögum sem við vildum sjá verða til.

3.

Sósíalísta-kaffi í febrúar, súpueldhús í mars. Boðun, kynning og eftirmáli

Rætt um að bæta boðun á kaffifundina og að bæta streymið á netið með betri græjum. Viggó ætlar að sjá til þess að tæknimálin verði löguð.

4. Gul mótmæli

Fyrstu mótmælin voru föstudaginn 15. febrúar undir yfirskriftinni Skilið peningunum sem þið tókuð af öryrkjum. Fleiri mótmæli hafa þegar verið boðuð.

5. Kynning á flokknum, umræða á vefnum, ásýnd o.fl. til undirbúnings fjölgunar félaga

Umræðum frestað.

6. Sósíalistaþing

Sigrún skoðaði JL húsið og Vinabæ, sem er upptekinn. Svar er væntanlegt frá Iðnó.

7. Fjárhagur

Í færslu á Facebook-síðu framkvæmdastjórnar lagði Gunnar Smári fram kostnaðaráætlun fyrir gul mótmæli, Hungurgönguna 23. febrúar og hugsanleg smærri mótmæli þar til: Búst á viðburð á Facebook fyrir um 25 þús. kr., leigu á sviði, hljóðkerfi og tilheyrandi fyrir um 75 þús. kr., leyfisgjöld fyrir um 25 þús. kr. Samanlagt fyrir stærri mótmæli um 125 þús. kr. Var hún samþykkt.

Fundarmenn voru sammála um að flokkurinn gæti haft hag af því að vera áskrifandi að fjölmiðlum og upplýsingaveitum.

8. Önnur mál

Talað var um að upplifun af því að taka þátt í fundum gegnum fjarfundabúnað þyrfti að vera góð, til að gera þáttöku í stjórnnum aðlaðandi fyrir landsbyggðarfólk og að e.t.v. væri hægt að gera ráðstafanir til að bæta hana.

Fundi slitið.